

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 139 í stjórn Herjólfss ehf., haldinn 16. október 2024 kl. 16:00

á skrifstofu félagsins, Básaskersbryggju.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Helga Kristín Kolbeins í síma, Sigurbergur Ármannsson, Sæunn Magnúsdóttir, Rannveig Ísfjörð og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

1. Uppgjör 9 mánuðir.

Framkvæmdastjóri kynnti rekstur fyrstu 9 mánuði 2024. Tekjur fyrstu níu mánuði ársins voru nálægt áætlun og rekstur í góðu jafnvægi.

2. Farþegatölur.

Farþegafjöldi ársins var 380.429 farþegar í lok sept., 5966 færri en á sama tíma í fyrra.

3. Rekstraráætlun 2025.

Framkv.stjóri kynnti fjárhagsáætlun 2025. Gert er ráð fyrir hækkun á þjónustusamningi skv.ferjuvísitölu. Stjórn leggur til 100 kr.hækkun á fargjaldi pr.farþega frá og með 1.janúar 2025, og samþykkir breytta áætlun 1.júlí – 10.ágúst 2025, 8 ferðir á dag. Framkvæmdastjóra er þökkun yfirferðin. *Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun fyrir 2025 samhljóða.*

4. Önnur mál.

Stjórn veitir stjórnarformanni umboð til að ganga frá ráðningarsamningi við Ólaf Jóhann Borgþórsson varðandi framkvæmdastjóra.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 26.nóv.n.k.

Fundi slitið kl. 17:00.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.